

7. BEKKUR 2014

GEYMIST Í SKÓLA

ÍSLENSKA

# SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

## HEFTI II

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

Skóli: \_\_\_\_\_

- Merktu prófheftið og svarblaðið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri á svarblaði eigi við þig.
- **Svaraðu fjölvalsspurningum á svarblaðið.**
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

## Lesskilningur

Lestu textann úr **Bernskubók** og svaraðu spurningunum.

Ég hef lent í því að flýja undan óðum hafri, hraðskreiðum og mannýgum andskota með þessi gríðarmiklu horn sem standa þétt og pikkföst saman á hauskúpunni og sveigjast svo, og þar sem þau enda er komið feiknarmikið bil, eitthvað á annan metra.

Þetta fyrirbæri tók upp á því að skeiða í áttina að mér, ég var ellefu ára. Sá í sjónhendingu að best væri að leggja strax á flóttu, ekki eftir neinu að bíða. Við mannskepnurnar höfum í taugakerfinu þessi tíu þúsund ára gömlu viðbrögð sem neyða okkur til að ákveða á sekúndubroti svarið við lykilsurningunni: berjast eða flýja.

Ég sá í snarhasti að síðari kosturinn var augljós. Flýja. [...]

Ég stefndi beint á fjárhúsin þarna rétt hjá, komst upp hlaðinn vegginn og upp á þakið, djöflamergurinn stökk þetta léttilega á eftir mér, á síðustu stundu náði ég að stökkva af fjárhúspakinu upp á hlöðupakið. Það var sem betur fer miklu brattara, ég á gúmmískóm og þess vegna með betri viðspyrnu heldur en tryllt dýrið í sínum náttúrulega skófatnaði. Ég náði þannig að fóta mig í glerhálu og bröttu bárujárninu á hlöðupakinu og komast í heila höfn upp á mæninn, hann datt jafnharðan á rassgatið aftur niður á fjárhúspakið. [...]

Hvað var eiginlega í gangi? Af hverju fékk dýrið mig svona harkalega á heilann? Var hann svona afbrýðisamur af því að geitunum líkaði vel við mig? Hvað veit maður svo sem um sálarlíf hafra?

Ég þorði ekki heim, níðangursleg orð og vísupartar komu upp í hugann, „Aumingja Siggí, hann þorir ekki heim“, verulega óþægileg orðatiltæki. „Geymt en ekki gleymt“ var eitt þeirra, ógnandi yrðing sem olli mér kuldaholli.

Hann var þarna áfram niðri að snúldra, hvikaði ekki af vaktinni, fylgdist með mér, ég sá það, engu líkara en okkar samskipti væru geymd en ekki gleymd í harðþrjóskum

hausnum á honum.

Þarna stóð hann með þessi svakalega glæsilegu horn og hélt að hann væri konungur dýranna.

Þá sló niður hugdettu í höfuðið á mér sem losaði mig úr gildrunni. Ég var engu síðri konungur dýranna en hann, ég var fæddur í merki ljónsins. Vissi ekkert um stjörnuspeki annað en þetta.

Ég var ljón. [...]

Smám saman fyllti þankinn um tilvist mína í ljónsmerkinu vitundina, þessi hugsun var einföld og skýr, ég færðist nær þeirri kennd að þarna á hlöðumæninum væri stórt dýr og rólegt, að vísu ljónshvolpur en samt tilheyrandi dýrategund sem ekki þyrfti að óttast geitarkvikindi, jafnvel þótt fullvaxið væri og hafur í þokkabót.

Fullvissan gekk rækilega þvert á raunsætt mat aðstæðna.

Það gerir fullvissan gjarnan.

Samt sem áður er hún forsenda allra breytinga.

Hún veitti mér kjark til þess að komast úr þessari fíranlegu gildru sem mannýgur hafursfjandi hafði komið mér í. Fram að þessu hafði ég vonast til þess að einhver fullorðinn kæmi og skakkaði þennan ójafna leik, ellefu ára drengur gegn sótbjáluðum hafri.

Núna ætlaði ég einvörðungu að treysta á sjálfan mig. Og allt var það þessum ljónspanka að þakka. Ég setti saman strategíska áætlun í rólegheitum. [...]

Einsetti mér að renna skeiðið upp Kirkjutunguna, ná upp að kirkjugarðinum og klifra yfir vírnetsgirðinguna sem var vestan megin, kvikindið kæmist ekki yfir hana. Ég væri óhultur og kæmist í kirkju, gæti hringt klukkunum til áhersluauka sem tákn um sigur.

En fyrst yrði ég að rugla óvininn til þess að græða tíma og ná sprettinum upp túnið. Ég dró peysuna fram og bjó til kjöltupoka, tókst

í snatri að handsama nokkra köggla og steina neðst í fjárhúspakinu, bjó mig til atlögu í snarhasti.

Læddist að hafrinum, lét ljónsöskrið dynja á honum ásamt moldarkögglum og steinum, öskraði aftur til áréttingar.

Honum dauðbrá og skakklappaðist af stað. Ég kláraði vopnabúrið og tók jafnharðan á rás upp Kirkjutunguna. Kvikindið var ennþá ringlað, ég var að klifra inn fyrir girðinguna þegar hann áttaði sig loksins á því að viðfangsefni heiftar hans hafði komist undan. Ljónshvolpurinn.

(Sigurður Pálsson, 2011, Bernskubók)

### 31. Í upphafi textans rifjar höfundur upp

- A atburð sem á ekki við rök að styðjast.
- B áralanga reynslu af geithöfrum.
- C mikla eldraun sem hann lenti í.
- D undarlega breytingu á góðum vini.

### 32. Hvað réð því að drengurinn flýði?


- F góð rökhugsun
- G mikil víðsýni
- H ósjálfráð viðbrögð
- I reynsla sveitadrengsins

### 33. Hvað er átt við með „náttúrulegum skófatnaði“ í sögunni?

- K gúmmískó
- L iljar
- M klaufir
- N sauðskinnsskó

### 34. „... komast í heila höfn upp á mæninn ...“ Hvar er mænirinn?

- P A
- R B
- S C
- T D



### 35. Hverju hélt strákurinn að hann ætti von á þegar hann kæmi heim?

- V meðaumkun
- X skömmum
- Þ stríðni
- ✿  Æ umhyggju

### 36. Hver voru vandræði drengsins á þakinu?

- A Enginn vildi bjarga honum.
- B Hafurinn beið eftir að ná honum.
- C Hann átti von á að fá skammir.
- D Hann hélt að hann væri ljón.

### 37. Þegar drengurinn líkir sér við ljón er hann að

- F skipuleggja flóttu.
- G sýna styrk sinn.
- H telja í sig kjark.
- I vekja athygli á sér.

### 38. Hvað einkenndi hegðun drengsins þegar hann hafði ákveðið að treysta á sjálfan sig?

- K algert áhugaleysi
- L brennandi ákefð
- M mikil óþolinmæði
- N vandleg umhugsun

### 39. Hvers vegna hljóp hafurinn ekki á eftir drengnum?

- P Hann áleit sig sigraðan.
- R Hann missti áhugann.
- S Hann var ráðvilltur.
- T Hann var uppgefinn.

### 40. Textinn fjallar um \_\_\_\_?\_\_\_\_ dreng.

- V hamingjusaman
- X kjarklausan
- Þ úrræðagóðan
- ✿  Æ veikbyggðan

Fyrir hálfum milljarði ára var ekkert líf á þurru landi og í sjónum voru aðeins ormar, sniglar, svampar og frumstæð krabbadýr. Þegar þessar lífverur dóu sukku þær í botnleðju og fóru smátt og smátt á kaf. Sjávarbotninn harðnaði og varð að bergi á milljónum ára og steinefnin í beinum dýranna viku, sameind fyrir sameind, fyrir bergmyndandi steinefnum eins og járn og kísli.

Smátt og smátt verða beinin að steini með þessu móti og eru síðan kölluð steingervingar, eins konar mót af dýri sem dó fyrir hundruðum milljóna ára. Aðrir steingervingar myndast þegar dýr deyr og fellur í mókennda mýri eða grefst í sand. Þar sem hvert setlag þarf milljónir ára til að myndast getum við metið aldur steingervinga eftir því hve djúpt þeir liggja þegar þeir finnast. Í rauninni getur maður ferðast aftur í tímann, bara ef maður á skóflu. Maður getur komist aftur á landnámsöld með því að grafa svona 60-70 cm niður í jörðina á réttum stöðum. Til þess að skoða milljóna ára gömul lög þarf maður að finna klett sem setlöginn sjást í – eins og til dæmis á Tjörnesi milli Skjálfanda og Axarfjarðar þar sem finnast forndýraleifar sem talið er að séu allt að 25 milljón ára gamlar.

Sjávardýrin sem við minntumst á hafa líka hugsanlega ferðast heilmikið síðan þau syntu í niðdimmu hafinu. Umbrot á jörðinni geta fært til stóra fleka svo

að steingervingar sem einu sinni lágu á hafsbotni geta fundist á fjallstindum eða í eyðimörkum sem einu sinni voru neðansjávardalir.

Sums staðar á Nýja-Sjálandi má sjá steingerðar leifar af forsögulegum skógum í sýnilegum svörtum rákum á ströndinni. Þetta samþjappaða efni er kol og það brennur einstaklega vel og hentar því vel sem eldsneyti. Olía er líka steingervingur. Hún myndast niðri í jörðinni undir miklum þrýstingi úr leifum af dýrum og plöntum sem voru lifandi fyrir 300 milljónum ára. Þetta er eitthvert dýrmætasta efni sem fyrirfinnst – allt plast er búið til úr olíu og sömuleiðis bensínið á flugvélarnar okkar og bílana.

Með því að skoða steingerðar plöntur og dýr fáum við örlitla hugmynd um heim sem horfinn er að öðru leyti. Myndin er þó óljós og upplýsingarnar ekki nærri eins tæmandi og við hefðum viljað en skilningur okkar eykst í hvert skipti sem eitthvað nýtt finnst.

Meira að segja algengustu steingervingar geta verið ofboðslega spennandi. Að halda litlum steini upp að ljósinu og sjá eitthvert kvikindi sem skreið um jörðina áður en mannskepnan kom út úr hellinum – á undan Ingólfi Arnarsyni, á undan Jesú, á undan Móse. Það kyndir undir ímyndunaraflinu.

(Úr: Stórhættulega strákabókin, 2006)

41. Hvað verður um sjávarbotninn í tímans rás?

- A Hann hækkar mikið.
- B Hann lækkar mikið.
- C Hann verður að sameindum.
- D Hann verður að steini.

42. Steingervingar myndast þegar

- F bein dýra hafa náð ákveðnum aldri.
- G bein dýra verða stökk og brothætt.
- H lífverur komast í snertingu við leðju.
- I steinefnin í beinum dýra breytast.

43. Hver þessara staðhæfinga er rétt samkvæmt textanum?

- K Aldursgreining setlaga er auðveld og þarf ekki undirbúning.
- L Alls staðar er hægt að finna setlög.
- M Hægt er að komast að setlögum með því að grafa á völdum stöðum.
- N Steingervingar finnast hvergi í bergi á Íslandi.

44. „Umbrot á jörðinni geta fært til stóra fleka ...“ Í Íslenskri orðabók stendur: umbrot HK **1** áköf hreyfing **2** mikil áreynsla **3** ófærð **4** uppnám. **Í hvaða merkingu er orðið notað í textanum?**

- P merkingu 1
- R merkingu 2
- S merkingu 3
- T merkingu 4

45. Hvernig geta steingerð sjávardýr fundist í fjalli?

- V Fjallið var eitt sinn sjávarbotn.
- X Landslagið breytist í eldgosum.
- P Sjórinn hefur skolað þeim á land.
- ❖  Æ Þeim hefur verið komið fyrir þar.

46. Hvernig hafa kol myndast?

- A Þau eru gamlar moldarleifar í mýrum.
- B Þau eru leifar fornra sjávardýra.
- C Þau eru steinar sem hafa borist á land.
- D Þau eru steingerðar leifar skóga.

47. Hvers vegna er olían verðmæt?

- F Hún brennur mjög hratt.
- G Hún er dýr í vinnslu.
- H Hún er eftirsóttur orkugjafi.
- I Hún finnst óvígða.

48. Af hverju eru steingervingar merkilegt rannsóknarefni?

- K Þeir eru mjög sjaldgæf náttúrufrýrbrigði.
- L Þeir finnast aðeins á afskekktum stöðum.
- M Þeir hjálpa okkur að fræðast um fortíðina.
- N Þeir upplýsa um breytingar á lífsháttum manna.

49. Hvað þýðir að kynda undir ímyndunaraflinu?

- P að auka afköst
- R að efla sköpunarkraft
- S að hefja framkvæmdir
- T að hvetja til dáða

50. Textinn fjallar um

- V hvernig steingervingar verða til.
- X jarðfræðilegar breytingar á jarðskorpunni.
- P leit manna að merkjum steingervingum.
- ❖  Æ mismunandi útlit steingervinga.

Ég varð vitni að því þegar mamma stuggaði hermönnum burt úr túninu. Sú saga hefur flogið víða. Eins og ég hef áður sagt voru yfirmenn sjóhersins búnir að koma sér fyrir á Ytri-Hjalla, og á Kirkjukletti var varðstöð. Nú hafði herinn tekið ákvörðun um að leggja veg í gegnum túnin okkar til að þeir gætu skrönglast þangað á bílum beinustu leið. Þetta var algerlega ónauðsynlegt og hefði auk þess ógnað lífsbjörginni á þessum heimilum. Það hefði eyðilaggt Pálshústúnið og Rósuhestúnið og Hjallatúnin.

Mamma var margbúin að hringja og kvarta við Hjálmar sýslumann, en fékk þau svör að við værum í hernumdu landi og þyrftum að láta ýmislegt yfir okkur ganga. Hún var ofsalega reið.

Og nú var greinilegt að það átti að hefja framkvæmdir. Þeir komu á stórum trucki, fjórir hermenn á pallinum með haka og skóflur og einn í stýrishúsi, auk bílstjórans. Túnin glóðu í sólskini og ég sat í tröppunni fyrir utan húsið með dúkkuna mína, Sighvat Sturluson, í fanginu og horfði á. Þeir óku fyrst yfir girðinguna hjá Pálshúsi. Þetta var vírgirðing og ég vissi að girðingar voru dýrmætar. Hjartað tók aukakipp þegar girðingin gaf sig. Þeir óku á ská yfir Pálshústúnið hjá brunninum og síðan upp brekkuna í áttina að Hjallanum. Þarna var stóreflis kartöflugarður sem þau í Rósuhestúni áttu og þeir óku meðfram honum.

Eins og ég hef áður sagt var sjálfspurftarbúskapur á Vestdalseyrinni. Allir áttu kýr og kindur, en undirlendið var lítið og hver túnblettur dýrmætur. Þetta var stóreflis truckur sem rumdi í. Mamma var að skúra eins og konur gera oft þegar þær eru reiðar. Hún var frammi

á gangi, brjáluð af heift, og það heyrðist mikið í skrúbbnum. Í ganginum bak við útidyrhurðina voru byssurnar geymdar. Pabbi og bræður mínir áttu byssur því að fjörðurinn var mikil veiðistöð, en auðvitað voru byssurnar óhlaðnar.

Ég var búin að segja frá lokræsinu sem pabbi gróf. Það hafði runnið lækur utan við húsið okkar og pabbi hafði grafið hann niður, en jarðvegurinn var deigur þar sem ræsið opnaðist, rétt fyrir framan útidyrnar hjá okkur. Þegar truckurinn beygði upp að húsinu stóð mamma þar í allri sinni reisn. Þessir náungar höfðu sennilega haft eitthvert veður af mótmælum hennar, því þegar þeir sáu hana þarna í útidyrnum hrópuðu þeir til hennar: „Je-hú!“ Það var kornið sem fyllti mælinn.

„Svo hæða þeir mig í þokkabót!“ hreytti mamma út úr sér.

Eldsnöggt greip hún gamla haglabyssu sem hékk á bak við útidyrhurðina, sneri sér við, spanaði gikkinn og miðaði á hermennina sem höfðu ekki önnur vopn en haka og skóflur. Þeir urðu skelfingu lostnir, ætluðu að bregðast við með því að stíga bensínið í botn, en þá vildi ekki betur til en svo að truckurinn fór ofan í ræsið og komst hvorki afturábak né áfram. Mennirnir stukku af bílnum í ofboði og hlupu eins og fætur toguðu niður á Eyri. Eftir sat truckurinn og murraði þangað til bensínið var búið. Um kvöldið kom sex manna hersveit upp eftir, alvopnuð, safnaði saman verkfærunum, sem lágu á dreif um túnið, og sótti bílinn.

Þetta varð til þess að ekkert varð af vegafamkvæmdum, enda þjónaði þessi vegur engum hernaðarlegum tilgangi. Hann átti bara að stytta leiðina



frá offíserabúðunum upp á Hjallann, sem var ekki löng. En vegurinn hefði eyðilagt afkomu fólksins á þessum þremur heimilum þar sem allir voru með kýr. Girðingin og öll vegsummerki voru löguð á kostnað hersins.

(Þorleifur Hauksson, 2011, Úr þagnarhyl, ævisaga Vilborgar Dagbjartsdóttur)

### 51. Í upphafi kaflans er talað um

- A merkan sögustað.
- B minnisstæðan atburð.
- C ógleymanlega persónu.
- D óþægilega minningu.

### 52. Hvernig mátti sjá að hermennirnir ætluðu að hefja framkvæmdir?

- F Allir hermennirnir klæddust vinnugalla.
- G Fjölmennt lið hermanna stóð á pallinum.
- H Skipanir voru hrópaðar á báða bóga.
- I Ýmis verkfæri voru með í för.

### 53. Þegar hermennirnir komu að kartöflugarðinum

- K brutu þeir niður girðinguna.
- L hentu þeir skóflum.
- M óku þeir framhjá honum.
- N óku þeir yfir hann.

### 54. „... það heyrðist mikið í skrúbbnum ...“ Setningin lýsir

- P ástandi hússins.
- R hugarástandi móðurinnar.
- S skoðun hermanna.
- T verklagi hermanna.

### 55. Af hverju voru byssur á heimilinu?

- V Byssurnar voru erfðagripir.
- X Dýr voru skotin til matar.
- P Fjölskyldan safnaði vopnum.
- ✿  Æ Fólkið vildi geta varist hermönnum.

### 56. „Það var kornið sem fyllti mælinn.“ Hvað þýðir setningin?

- A Nú skyldi öllum brögðum beitt.
- B Nú væri alveg nóg komið.
- C Nú yrði ekki tekið mark á neinu lengur.
- D Nú ætti að hefna grimmilega.

### 57. Hvers vegna voru verkfærin dreifð um túnið?

- F Hermennirnir höfðu farið í skyndingu.
- G Hermennirnir höfðu skipt með sér verkum.
- H Þau dattu af bílnum þegar hann festist.
- I Þau voru notuð til að merkja fyrir vegi.

### 58. Hver var þáttur stúlkunnar í því sem gerðist?

- K Hún hjálpaði móður sinni í baráttunni.
- L Hún lagði á flóttu undan hernum.
- M Hún skráði hjá sér allt sem fram fór.
- N Hún var vitni að atburðinum.

MUNIÐ EFTIR BAKSÍÐUNNI

### 59. Um hvað fjallar textinn?

- P Baráttu fólks fyrir rétti sínum.
- R Búskaparhætti í litlu þorpi.
- S Landslag og staðhætti í litlum firði.
- T Samtakamátt fólks til sveita.

### 60. Í hvaða röð gerast þessir atburðir í sögunni?

- A) Það hafði runnið lækur utan við húsið okkar.
- B) Það hefði eyðilagt Pálstúnið og Rósuhestúnið og Hjallatúnin.
- C) Þarna var stóreflis kartöflugarður sem þau í Rósuhestúni áttu.
- D) Þetta varð til þess að ekkert varð af vegaf framkvæmdum.

- V ABCD
- X BCAD
- P CDBA
- Æ DCAB

